

- 35 skipar fjármálaráðherra til jafnlanga tíma og er hann formaður bankaráðsins. Á 29. maí sama hátt skal ljósa og skipa varamenn, einn fyrir hvern aðalmann. Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákveði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara falla niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfsmáhl bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi og skipaðir af fjármálaráðherra í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1963.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

36

13. maí

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

L Ö G

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar,

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykkt

voru:

1. gr.

1. málsg. 144. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi, þar sem kosnið er hlutbundnum kosningum, taka þingseti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannseti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hiðstæðri reglu.

2. gr.

Varamenn fyrir þá alþingismenn, er kjörnir voru í alþingiskosningunum 24. júní 1956, skulu taka sæti á Alþingi samkvæmt reglum 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Hermann Jónasson.

L Ö G
um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar,

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykkt

voru:

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakosnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, bækkjaður hjá togarastjórnunum um kr. 200,00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300,00 hjá öðrum fiskimönnum.

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500,00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eflirlit með skipum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar,

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykkt

voru:

1. gr.

a. Aftan við 2. tölulíð D-liðar 34. gr. laganna komi:

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum á hverjum tíma, vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrir mæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarsjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til óflunar þeirra. Með reglugerð um nokkurn björgunartækja, er